

ALDUR 14+
2+ LEIKMENN/LIÐ

SPOT THE INTRO

Skemmtilegt tónlistarspil
þekkir þú lagið
og flytjandann

REGLUR

MARKMIÐ LEIKSINS

Markmið leiksins er að ferðast réttisælis um borðið, streyma 15 sekúndna upphafsþútum úr lögum frá ýmsum áratugum, giska á hvaða lög eru spiluð, hver flytjandinn er og ef þú nærð að svara öðru hvoru rétt færð þú að svara bónusspurningu tengdum viðkomandi áratug.

Þegar þú skannar QR kóðann færir þú yfir á Spot the Intro vefsíðuna.

1

Efst á síðunni birtist heiti á lagi og flytjandi.

2

Smelltu á gula hnappinn ("Click") til að afrita lag og flytjanda.

3

Veldu þá streymisveitu sem hentar þér best að spila lagið úr – Amazon, Apple, Spotify eða YouTube.

4

Límdu upplýsingarnar sem þú afritaðir inn í leitarhnapp streymisveitunnar.

5

Spilaðu 15 sekúndur af laginu og smelltu svo á stopp/pásu.

Meðan lagið er spilað á sá leikmaður eða það lið sem á að giska að reyna að finna út nafn lagsins og flytjanda, þegar lagið er stoppað (eftir 15 sekúndur) þarf sá sem giskar að gera grein fyrir því hvaða lag og flytjandi viðkomandi telur að þetta sé. Einungis er leyfilegt að giska einu sinni.

ATH. ef leikmaður/lið svara rangt eða geta ekki svarað eftir 15 sekúndna lagabút er þeirra umferð lokið og næsti fær að gera í takt við þann reit sem viðkomandi er staðsettur á.

Með því að smella á örina í vafranum ferðu aftur inn á Spot the Intro síðuna, þar smellir þú á "Bonus Question" hnappinn til að sjá rétta svarið, ef leikmaður/lið hefur giskað rétt á lagið fær viðkomandi 1 stig, ef flytjandinn er réttur fæst einnig 1 stig. Til að eiga rétt á bónus spurningunni þarf að hafa að minnsta kosti lag eða flytjanda rétt, rétt svar við bónus spurningunni gefur 1 stig til viðbótar.

Leikmaður/lið færast réttisælis um jafn marga reiti og rétt svör gefa tilefni til sem getur verið 1-3 stig.

ÁÐUR EN SPILIÐ HEFST

QR kóðar eru notaðir til að streyma lögum gegnum snjallsíma, QR kóðinn hér til hægri hjálpar þér að skilja hvernig þú notar símann þinn meðan á leiknum stendur.

Myndbandið sýnir þér hvernig þú nýtir þína streymisveitu ásamt því að útskýra hvernig þú getur prufað leikjaspjöldin áður en þú byrjar að spila.

Spot the Intro hentar fyrir 2-4 leikmenn eða lið, ef spilað er í liðum þá þarf ekki að hafa sama fjölda leikmanna í hverju liði en það getur verið hjálplegt að hafa sem breiðast aldursbil í hverju liði. Sumir leikmenn eru betri í að svara fyrir ákveðinn áratug en aðrir. Hver leikmaður eða lið velur sér sinn lit af leikmanni og stillir upp á "START" reitnum á spilaborðinu.

Reitirnir á borðinu segja til um frá hvaða tímabili lagið er:

ÁRATUGA REITUR

Hver reitur gefur upp tvo mismunandi áratugi, sá sem lendir á reitnum hefur val um hvort tímabilið verður fyrir valinu.

MARGLITADIR REITIR

Lendi leikmaður á marglitum reit getur hann valið hvaða tímabil sem er.

1960s
1990s

1970s
2000s

1980s
2010s



LEIKREGLUR

Yngsti leikmaðurinn eða það lið sem hefur yngsta leikmanninn byrja spilið með því að velja þann áratug sem hentar viðkomandi best. Leikmaðurinn/liðið á vinstri hönd tekur þá viðeigandi spjald, skannar QR kóðann á miðju spjaldsins með myndavélinni á símanum sínum, passa þarf að velja örugglega rétta hlið spjaldsins.



ATH. Það gæti verið betra að skanna QR kóðann á sléttu undirlagi.

FRAMHALD LEIKSINS

Leikmaður/lið til vinstri á alltaf næsta leik. Þegar allir leikmenn eru komnir af stað á borðinu ræðst lagaval og spurningar af þeim áratug sem leikmaður/lið lendir á hverju sinni að undanskildum marglitu reitunum, þá hefur leikmaður/lið val um alla áratugi.

TIL AÐ VINNA LEIKINN

Þegar leikmaður/lið nær að "finish" reitnum þarf að bíða þar til röðin er aftur komin að honum/þeim, þá má viðkomandi velja hvaða áratug sem er EN til að vinna þarf að ná lagi, flytjanda og bónus spurning rétt!

Ef leikmaður/lið nær ekki öllu réttu þarf viðkomandi að bíða meðan allir aðrir gera og reyna aftur.

NOTKUN HLJÓÐKERFIS EÐA HLJÓMFLUTNINGSTÆKJA

Spilið virkar líka vel tengt hljóðkerfum á borð við Sonos eða Alexa, þú einfaldlega afritar lagaheiti og flytjanda inn leitarreit snjallforrits eins og þú gerir með streymisveitur.

Nánari upplýsingar (á ensku) er að finna á: www.cheatwell.com



©2023 Cheatwell Games.